

Ársfundur Betri byggðar á Kársnesi
Haldinn fimmtudaginn 6. maí 2010 kl. 20 í Muffin Bakery, Hamraborg.

Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri, ágætu félagar og aðrir gestir.

Nú eru tæp þrjú ár liðin frá stofnun samtakanna Betri byggð á Kársnesi og óhætt að segja að sá tími hafi verið viðburðaríkur. Baráttan hefur verið hörð og tekið á sig ýmsar myndir, einhverjar orrustur hafa unnist og aðrar tapast, en stríðinu er ekki lokið enn.

Upphafið að stofnun samtakanna, sem hafa verið skammstöfuð BBK, má rekja aftur til desember 2006, þegar Kópavogsbær kynnti framtíðarskipulag fyrir vestasta hluta Kársness, svokallað rammaskipulag. Íbúar voru almennt slegnir yfir því gríðarmikla umfangi sem tillögurnar fólu í sér. Yfir 100 manns sendu inn athugasemdir, en bærinn tók takmarkað tillit til þeirra og lagði fram nýja og lítið breytta tillögu vorið 2007.

Áhyggjur íbúa beindust í stórum dráttum að fjórum atriðum.

- Í fyrsta lagi voru gerðar athugasemdir við **áform um stórskipahöfn** – á þeim forsendum að slík hafnarstarfsemi og mannvirki henni tengd á gríðarstórri uppfyllingu hentaði hvorki umhverfi né skipulagi Kársness
- Í öðru lagi beindust athugasemdirnar að **atvinnuhúsnæði á uppfyllingunni**. Íbúar töldu í ljósi reynslunnar að enn frekari atvinnuuppbygging vestast á nesinu ætti engan veginn samleið með íbúabygginginni.
- Í þriðja lagi voru gerðar athugasemdir við áform um **stórfellda íbúafjölgun**, sem myndi valda of miklu álagi á innviði hverfisins auk þess sem háreistar byggingar myndu falla illa að ásjúnd hverfisins og skerða útsýni.
- Í fjórða og síðasta lagi var það **umferðaraukningin** – en íbúar lýstu áhyggjum af því að flutningar tengdir höfninni og annarri atvinnustarfsemi og aukin umferð samfara íbúafjölguninni myndi valda miklum umferðarþunga á Kársnesbraut og öðrum stoðbrautum hverfisins auk þess að hafa í för með sér mengun og slyshættu.

Þeim íbúum sem sent höfðu inn athugasemdir fannst vanta farveg til að koma óánægju sinni á framfæri og vettvang til geta áhrif á skipulagið. En það dóu ekki allir ráðalausir. Hjónin Þórarinn Ævarsson og Barbara Ösp Ómarsdóttir, íbúar á Kársnesbraut 11, fengu þá snilldarhugmynd að útbúa risastóran appelsínugulan borða og strengja á milli trjáa í garðinum sínum á áberandi stað um miðjan júní, með áletruninni “NEI TAKK! Enga höfn á Kársnes!”. Þetta vakti athygli íbúa jafnt sem fjölmiðla og varð kveikjan að því að hópur íbúa hittist til að ráða ráðum sínum og ákvað að stofna samtök um bætt skipulag á Kársnesi. Stofnfundur samtakanna “Betri byggð á Kársnesi” var haldinn þann 20. júní 2007 hér í Muffin Bakery í Hamraborg, sem þá hét Kaffibúðin. Til fundarins voru boðaðir þeir sem gert höfðu athugasemdir við rammaskipulagið og tæplega 50 manns mættu á stofnfundinn. Samþykkt voru lög fyrir félagið og sjö manna stjórn kjörin. Sú stjórn hefur starfað óslitið síðan og hana skipa: Arna Harðardóttir

sem kjörin var formaður, Auður Arna Eiríksdóttir, Bjarni Bergsson, Hanna Styrmisdóttir, Indriði Björnsson, Rebekka Rán Samper og Þórarinn Ævarsson, varaformaður .

Tilgangur samtakanna var skilgreindur sá að bæta lífsgæði íbúa á Kársnesi og samtökin settu sér skýr markmið í upphafi: Í fyrsta lagi, að fá bæjaryfirvöld í Kópavogi til að falla frá áformum um stórskipahöfn og stöðva frekari framkvæmdir við landfyllingu. Og í öðru lagi, að koma í veg fyrir stórfellda íbúafjölgun á Kársnesi, umfram það sem stoðkerfi hverfisins þyldi með góðu móti.

Af þessum markmiðum hefur einungis eitt náðst, sem er að áform um stórskipahöfn hafa verið tekin af dagskrá, en enn eru á dagskrá bæjarins áætlanir um frekari landfyllingar og stórfellda íbúafjölgun.

Það er óhætt að segja að allt frá upphafi hafi Kársnesingar tekið virkan þátt í baráttu samtakanna . Í lok sumarsins 2008 voru komnir upp um 200 borðar víðsvegar um hverfið með ýmsum áletrunum, svo sem “Skipulagsslys á Kársnesi. NEI TAKK!” og “18.000 bílar á dag! NEI TAKK!”.

Fyrsta lotan í baráttunni hófst í byrjun júlí 2007 þegar formleg auglýsing frá Kópavogsbæ birtist um skipulagsbreytingar fyrir hafnarsvæðið, sem byggðu á rammaskipulaginu sem kynnt hafði verið um vorið. Í sama mánuði sendu samtökin dreifibréf í öll hús á Kársnesi og hvöttu íbúa til að taka þátt í baráttunni. Vefsíðan karsnes.is fór í loftið og fulltrúar samtakanna gengu í hús í hverfinu og kynntu málstaðinn fyrir íbúum.

Hápunkturinn á fyrstu lotunni var þann 15. ágúst 2007, en þá héldu samtökin íbúafund fyrir troðfullu húsi í Salnum þar sem fulltrúar BBK kynntu sjónarmið samtakanna og Gunnar Birgisson bæjarstjóri lýsti áformum bæjarins. Mikil stemmning skapaðist á fundinum og óhætt er að segja að í kjölfarið hafi myndast sterk samstaða milli íbúa og baráttuandi í hverfinu. Á fundinum var samþykkt áskorun til bæjarins um að falla frá auglýstum skipulagstillögum fyrir Kársnes og að leggja ekki fram nýjar tillögur fyrr en búið væri að leysa vandamál tengd umferð, hljóðvist og mengun og vinna nýtt heildrænt skipulag með hagsmuni íbúa að leiðarjosi.

Bærinn varð ekki við áskorun fundarins um að draga skipulagstillögurnar fyrir hafnarsvæðið til baka og stjórn samtakanna lagði því allt kapp á að fá íbúa til að senda inn formleg andmæli, en frestur til að skila athugasemdum hafði verið gefinn til 3. september 2007.

Úrslit þessar fyrstu lotu í baráttunni voru 1:0 fyrir Kópavogsbæ.

Lota númer tvö í baráttunni hófst með því að opnuð var skrifstofa og baráttumiðstöð í Hamraborg í lok ágúst 2007 og sett upp úthringiver þar sem hringt var í íbúa í hverfinu og þeir hvattir til að senda inn athugasemdir. Félagar í samtökunum tóku að sér að aðstoða fólk við að skrifa andmælabréf og mikill samhugur einkenndi þá þrotlausu vinnu sem félagar inntu af hendi. Stjórn BBK sendi inn ítarlegar og rökstuddar athugasemdir fyrir hönd félagsmanna.

Það er skemmst frá því að segja að árangur varð betri en nokkur þorði að vona, því tæplega 1700 andmælabréf bárust sem var met, því aldrei fyrr í sögu skipulagsmála í Kópavogi hafa verið send inn jafn margar athugasemdir.

Barátta samtakanna vakti mikla athygli og fjölmiðlar, jafnt dagblöð sem ljósvakamiðlar, gerðu málinu rækilega skil. Hvatning og stuðningur barst úr mörgum áttum og baráttuaðferðir Kársnesinga vöktu mikla aðdáun, ekki síst appelsínugulu borðarnir sem blöstu við hvert sem litið var í hverfinu. Borðarnir urðu svo frægir að þeir rötuðu í Reykjavíkurbref og meira að segja Sigmund gerði þeim skil í skopteikningu í Mogganum. Margir höfðu á orði að um að ræða barátta samtakanna væru ein áhrifaríkustu mótmæli sem átt höfðu sér stað á Íslandi fram að þeim tíma.

Lotu tvö lauk svo í upphafi vetrar 2007 með því að íbúar unnu þann áfangasigur að Kópavogsbær ákvað að fallið yrði frá hugmyndum um hafskipahöfn og nýjar tillögur unnar í þeirra stað, og nú í samvinnu við íbúa.

Þriðja lotan í baráttunni átti sér svo stað hálfu ári seinna, en á vormánuðum 2008 hitti stjórn BBK nýjan sviðsstjóra skipulagsmála bæjarins á alls fjórum fundum. Boðuð samvinna reyndist hins vegar orðin tóm, því viðræðum var slitið að hálfu bæjarins um miðjan júní, þegar ljóst var að samtökin gátu ekki samþykkt þær fullmótuðu hugmyndir sem bærinn lagði fram. Þarna var enn á ný horft framhá óskum íbúa og vilji til samráðs reyndist enginn þegar á reyndi.

Í byrjun júlí hélt Kópavogsbær íbúafund í skemmu á hafnarsvæðinu þar sem kynntar voru þær hugmyndir að nýju skipulagi fyrir Hafnarsvæðið sem bærinn hafði einhliða unnið að. Sérstaka athygli vakti að íbúum var ekki leyft að gera fyrirspurnin. Hugmyndirnar fólu í sér, þvert á vilja íbúa, aukningu á íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði og umferð frá síðustu hugmyndum sem kynntar höfðu verið í apríl 2007. Um var að ræða 1000 nýjar íbúðir og 13ha landfyllingu.

BBK fór fram á að bærinn endurskoðaði frá grunni hugmyndir um blandaða byggð og að fallið yrði alfarið frá frekari landfyllingum og frekari aukningu á atvinnuhúsnæði. Þess í stað yrði skipulagt fallett íbúðarhverfi með skóla, íþróttamannvirkjum, verslunum og annarri þjónustu við íbúa - og síðast en ekki síst stór og aðgengileg útivistarsvæði sem myndu gefa Kársnesingum, öðrum Kópavogsbúum og höfuðborgarbúum öllum möguleika á skemmtilegu mannlífi við þessa fallettu sjávarsíðu. Lögð var áhersla á að nýja íbúðabyggðin yrði lágreist (1-3 hæðir) í takt við byggðina sem fyrir er á nesinu.

Í framhaldinu átti sá fáheyrði atburður sér stað að viku eftir kynningarfundinn var bæjarstjórn kölluð úr sumafrii á sérstakan aukafund til þess að samþykkja skipulagstillöguna. Enn og aftur var íbúum sýnt fullkomið virðingarleysi, því á kynningarfundinum bærinn boðið íbúum að senda inn athugasemdir en aðeins viku síðar átti að keyra skipulagið í gegn um bæjarstjórn og auglýsa tillöguna formlega. Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks samþykki tillöguna gegn atkvæðum Samfylkingar og Vinstri grænna.

Áfram dundu áföllin yfir. Í lok júlí var íbúum við Kársnesbraut, Marbakkabraut og Huldubraut tilkynnt að leggja ætti húsagötu sem myndi taka af lóðum sunnanmegin við Kársnesbraut, nánast af öllum húsum frá númer 9 til 51. BBK skipulagði fundi með íbúum og hafði milligöngu um ráðningu lögmanns til að gæta réttar íbúa gagnvart bænum.

Þriðju lotu var lokið og BBK hafði orðið fyrir rothöggi frá Kópavogsbæ.

Fjórdða lota baráttunnar hófst skömmu síðar eða í september, þegar Kópavogsbær óskaði formlega eftir umsögn BBK um skipulagstillögurnar. Samtökin skiluðu ítarlegum athugasemdum með sérstakri áherslu á umferðar- og umhverfismálin. BBK sendi ennfremur athugasemdir til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, því auk aðal- og deiliskipulagsbreytinga var um að ræða breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Í framhaldinu tókst BBK að vekja Reykjavíkurborg af værum svefni og þegar borgaryfirvöld loks áttuðu sig á því að Kópavogur hygðist fylla út í hálfan Fossvoginn komu fram sterk mótmæli frá bæði embættismönnum og borgarfulltrúum, auk þess sem hverfasamtök íbúa í Reykjavík mótmæltu kröftuglega. Tekið var undir það sjónarmið BBK, að ekki væri hægt að framkvæma frekari landfyllingar án þess gert yrði ítarlegt umhverfismat. Að lokum fór svo að Kópavogsbær minnkaði landfyllingu niður í 4 ha. en sveitarfélögin gerðu ekki athugasemdir við áform bæjarins um 1000 íbúa fjölgun á svæðinu.

Segja má að fjórðu lotu hafi lokið með jafntefli.

Frá því í janúar 2009 hefur baráttan að mestu legið niðri, ríkt hefur vopnahlé. Bankakreppa og efnahagslægð hafa sett áform skipulagsyfirvalda og verktaka í bið. Þegar baráttan stóð sem hæst var það okkar heitasta ósk, að okkur tækist að tefja málin nógu lengi til að þau yrðu að kosningamáli. Sú ósk hefur ræst. Svo virðist sem stjórnáflokkarnir í bænum ætli allir að setja Kársnesið á dagskrá. Sjálfstæðisflokkurinn segist ætla að þróa „Skipulag í sátt við íbúa“ og flokkurinn segist ætla að leggja áherslu á að skipulagsbreytingar séu unnar í sátt við íbúa og tekið verði tillit til ábendinga og athugasemda þeirra. Og ennfremur að efnt verði til hugmyndasamkeppni um skipulag á Kársnesi. Þetta eru hvort tveggja áherslur sem hafa komið skýrt fram í málflutningi BBK en Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki séð ástæðu til að hlusta undanfarin fjögur ár þegar þeir hafa verið við stjórnvölinn. Það er eðlilegt að íbúar spyrji sig hversu líklegt er að þetta nái fram að ganga verði þeir aftur í meirihluta á næsta kjörtímabili. Einn frambjóðandinn á lista Sjálfstæðisflokksins hefur lýst áhyggjum af landfyllingum og vonandi tekst honum að tala vitið í meðflokksmenn sína. Hinn meirihlutaflokkurinn, Framsókn, hefur lagt fram hugmyndi rum að á Kársnesinu rísi stúdentaíbúðir og héðan geti nemendur hjólað í háskólana hinum megin við Fossvoginn. Það er gott og blessað því einhvers staðar verða námsmenn að búa, en ef ætlunin er að ná auknum skatttekjum á svæðinu, sem okkur hefur verið sagt að þurfi að nást fram, er vandséð að þessi hugmynd gangi upp. Í þessu samhengi er vert að rifja upp að Kópavogsbær hefur við útreikninga á íbúafjöldspám fyrir hverfið notað lægra viðmið um íbúa per . íbúð en gerist og gengur á

höfuðborgarsvæðinu. Þetta var gert til að útreikningar skiluðu eins lítilli umferð og mögulegt væri svo hægt væri að skipuleggja sem flestar íbúðir. Eins og einn stjórnarmanna í BBK benti á í blaðagrein, þá þurfa þetta helst að vera ófrjóir háskólastúdentar, því ef forsendur bæjarins eiga að ganga upp, má einungis fimmta hvert þar eiga barn og eins og í Kína þá leyfa útreikningar bara eitt barn á þar. Samfylkingin hefur greinilega lesið stefnuskrá BBK vel og vandlega því á þeim bæ hafa verið settar þær áherslur að mörkuð verði skýr stefna og þéttleika byggðar í eldri hverfum verði sett takmörk jafnframt því að ný byggð falli að þeirri sem fyrir er og sé í sátt við íbúa. Þeir segjast vilja skipuleggja vesturbæinn sem eina heild í sátt við íbúa og að umferð verði takmörkuð. Vinstri grænir vilja líka endurskoða skipulagið fyrir Kársnesið. Þeir vilja að allt höfuðborgarsvæðið vinni saman í skipulagsmálum og vilja vinna skipulagið með tilliti til umhverfisins og fólksins.

Við vitum öll að það vill vera misbrestur á að fögur kosningaloforð verði að veruleika. Þess vegna hefur BBK í undirbúningi að krefja stjórnmalaflokkana sem bjóða fram til bæjarstjórnarkosninga um skýra afstöðu og spyrja hnitmiðaðra spurninga um áherslur þeirra varðandi framtíðarskipulag Kársnessins til að auðvelda íbúum í hverfinu að kjósa í vor.

Það er margt sem leitar á hugann þegar litið er yfir farinn veg síðustu þrjú árin í starfi BBK. Við Kársnesingar getum verið stolt af samtakamættinum og baráttuandanum sem íbúar í hverfinu hafa sýnt. Þar til okkar mótmæli hófust, hafði það hreinlega ekki tíðkast að venjulegt, heiðvirt fólk á besta aldri tæki þátt í fjöldamótmælum. Á Kársnesi bar hins vegar svo við að fólk úr öllum starfsstéttum og þvert á pólitíska litrófið tók höndum saman og mótmælti einni röddu því mikla óréttlæti og ósanngirni sem íbúum var sýnt.

Baráttan hefur veitt okkur, sem höfum verið í framlínunni, innsýn inn í heim, þar sem sérhagsmunir fárra ráða ferðinni á kostnað heildarinnar og siðleysið ræður ríkjum.

Þegar horft er um öxl, er ekki annað hægt en að sjá samlíkingu með þeim stjórnarháttum sem ríkt hafa hér í Kópavogi og því ástandi sem leiddi til efnahagshrunsins á Íslandi. Græðgi, virðingarleysi, valdníðsla, trúnaðarbrestur, svik og einbeittur vilji til að sneiða fram hjá lögum og reglum er ekki eingöngu eitthvað sem við lesum um í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, heldur er það sorgleg staðreynd að þetta er hegðun sem hefur einkennt framgöngu bæjaryfirvalda gagnvart íbúum á Kársnesi.

Græðgin hefur verið allsráðandi í skipulagsmálum í Kópavogi síðustu ár. Allt kapp var lagt á að byggja nógu mikið, nógu hátt og nógu þétt. Verktakar og fjárfestar fengu að vaða uppi eins og filar í postulínsbúð við að skipuleggja hverfi út frá eigin hagsmunum án þess að skeyta um lífsgæði íbúanna sem fyrir voru.

Virðingarleysið við fólk hefur verið algjört. Íbúar á Kársnesinu áttu að sætta sig við tvöföldun á íbúafjölda og umferðarþunga - svo hægt væri að byggja meira og græða meira. Það segir sitt að upphaflegu skipulagshugmyndirnar gerðu ráð fyrir að þetta Kársnesið úr rúmlega 4.000 í meira en 9.000 íbúa byggð, sem samsvarar því sem næst heildaríbúafjölda Garðarbæjar. Margítrekuð og vel rökstudd andmæli voru hunsuð aftur og aftur. Þá léku skipulagsyfirvöld ítrekað þann leik að að gangast fyrir

mikilvægum kynningarfundum eða birta lögboðnar auglýsingar um skipulagsbreytingar um jólaleytið eða þegar sumarleyfi stóðu sem hæst. Þetta teljum við dæmi um slæma og óíbúavæna stjórnsýslu.

Bærinn hefur einnig sýnt einbeittan brotavilja gagnvart eigin íbúum í þeirri viðleitni sinni að koma sér undan lögum og reglum. Besta dæmið um þetta er bútasaumsskipulagið á landfyllingunni. Annað gott dæmi er afskapalega rýrt og algjörlega ófullnægjandi mat á umhverfisáhrifum skipulagsbreytinganna í svonefndum umhverfisskýrslum, sem sveitarfélögum ber lagaleg skylda að láta gera. Í stað þess að vanda til verksins og kortleggja áhrif nýs skipulags á umhverfið, reyndu bæjaryfirvöld að komast upp með það minnsta mögulega í þessum efnum og hagræða óhagstæðum tölulegum staðreyndum.

Loforð hafa verið svikin aftur og aftur um samráð við íbúa og að tekið verði tillit til innsendra athugasemda.

Traust hefur verið brotið þegar embættismenn sem eiga að gæta hagsmuna bæjarbúa hafa brugðist því hlutverki með því að vinna gegn vilja íbúa og hagræða forsendum svo að rökstyðja mætti sem mest byggingarmagn.

Forsvarsmenn samtakanna hafa sætt persónulegum ávirðingum frá, Gunnari I. Birgissyni fyrrverandi bæjarstjóra sem hefur gengið svo langt að að stefna Þórarni Ævarssyni, varaformanni samtakanna fyrir meiðyrði.

Slæmir hlutir gerast þegar gott fólk gerir ekki neitt. Það er sannarlega einn mikilvægasti lærdómurinn sem draga má af bankahruninu. Við sem tókum þátt í baráttu BBK þurfum sem betur fer ekki að naga okkur í handarbökin fyrir að hafa horft aðgerðarlaus á slæma hluti gerast fyrir hverfið okkar. Við getum verið stolt af því að hafa risið upp og mótmælt yfirgangi bæjaryfirvalda í okkar garð.

Góðir félagar. Það er rétt er að geta þess, að þetta er fyrsti ársfundur félagsins frá stofnun. Okkur sem erum í forsvari þykir leitt að hafa ekki blásið til fundar fyrr, en þar vegur þungt að baráttan hefur haft forgang, framyfir formleg fundarhöld.

Á þessum þremur árum sem liðin eru frá stofnun samtakanna hefur mikið og óeigingjarnt starf farið fram hjá miklum fjölda sjálfboðaliða. Mig langar fyrir hönd ráfarandi stjórnar að færa þeim öllum okkar bestu þakkir.

Jafnframt vil ég þakka stjórnarmönnum fyrir frábært samstarf þennan róstarsama tíma. Baráttan hefur á stundum verið hörð og tímafrek, svo að ekki sé dýpra í árina tekið, en aldrei leiðinleg og aldrei vonlaus. Því þakka ég óbilandi trú stjórnarmanna á málstaðinn, baráttuvilja þeirra og samtakamætti. Ég trúí því jafnframt að við getum öll horft bjartsýnum augum fram á veginn fyrir Kársnes. Það getum við gert vegna þess að Kársnesingar tóku þá ákvörðun bjartan sumardag árið 2007, að rísa upp og treysta nýjum íbúasamtökum fyrir hverfinu sínu. Fyrir það erum við afar þakklát.

Takk fyrir og góðar stundir.